

Nd.

174. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum, hjólbörðum, hjólbarðaslöngum og um útlutun bifreiða.

Frá 3. minni hluta fjárhagsnefndar.

Við athugun í fjárhagsnefnd kom í ljós, að nefndin klofnaði í þrennt. Tveir nefndarmenn, Ásgeir Ásgeirsson og Skúli Guðmundsson, vilja samþykkja frumvarpið óbreytt. Einar Olgeirsson vill breyta því verulega, en við undirritaðir leggjum til, að það verði fellt.

Þegar heimildarlögin um einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. voru til umræðu á Alþingi 1934, þá stóðu um þau harðar deilur, og þau voru keyrð í gegn í andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn. Meðhaldsmenn þessara laga færðu einkasölum á þessum vörum þrennt til gildis, og var það varðandi bifreiðarnar einkum þetta:

1. Að hægra mundi vera að hafa jafnan fyrirliggjandi nægar birgðir af þessari vöru.
2. Að hægt væri að fækka innfluttum tegundum og gera reksturinn tryggari með nægum varahlutabirgðum.
3. Að bifreiðarnar yrðu ódýrari en ella.

Nú hefur reyuslan afsannað öll þessi rök og tvö þau fyrr töldu svo rækilega sem verða má. Það hefur frá því fyrsta að einkasalan tók til starfa verið skortur á bifreiðum, sem ekki bar á áður. Að fá bifreið hefur síðan einkasalan tók til starfa verið skoðað sem eins konar náðarbrauð, og um náðarbrauðin verður ævinlega einhver togstreita.

Tegundum bifreiða hefur fjölgað í landinu, síðan einkasalan tók til starfa, úr 75 1936 í 102 1941, og örðugleikar með varahluti stöðugt farið vaxandi. Þó hafa önnur fyrirtæki en einkasalan bjargað því máli eftir beztu getu, en haft til þess stórum verri aðstöðu en ella, af því að þeim hefur verið bannað að verzla með bifreiðarnar.

Um þriðja atriðið, verð bifreiðanna, er ekki hægt að koma eins óbyggjandi sönnunum að, af því að frjáls sala hefur ekki komið til greina, en allar líkur og öll reynsla, sem fengin er um verzlun með aðrar vörur, bendir í þá átt, að bifreiðarnar hefðu verið til muna ódýrari, ef verzlunin með þær hefði verið frjáls.

Þá er þess að geta, að sú röksemd, sem færð er fyrir því að endurreisa þessa einkasölu, að með því séu ríki og sveitarfélögum tryggðar tekjur, sem ella fáist ekki, hún fær ekki heldur staðizt, því að ekkert er auðveldara en að ná jafnmiklum eða meiri tekjum af þessari verzlun með því að hafa ekki einkasölu.

Við teljum samkvæmt framansögðu, að bifreiðaeinkasalan hafi með starfsemi sinni sannað rækilega alla ókosti einkasöluverzlunar og því sé fjarri lagi að endurreisa þessa stofnun.

Alþingi, 7. janúar 1943.

Jón Pálmason, Ingólfur Jónsson.
frsm.